

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 289/1991.

Frjáls fjölmiðlun hf.

(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

Borghildi Önnu Jónsdóttur

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Kaupgjaldsmál. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. júlí 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefndu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda hóf störf sem blaðamaður við vikublaðið Vikuna á árinu 1975 og gerðist þá félagi í Blaðamannafélagi Íslands. Hún var blaðamaður hjá Dagblaðinu Vísi frá 1985 til umdeilda starfsloka í október 1987, en áfrýjandi er útgefandi þess blaðs. Stefnda var í samningsbundnu orlofi frá og með 22. júlí 1987 og átti að hefja störf að nýju í október sama ár. Með bréfi til áfrýjanda 29. september 1987 óskaði hún eftir launalausú leyfi frá 1. október það ár til næstu áramóta og skriflegu svari við þeirri ósk. Eigi var greint frá tilefni þessarar beiðni. Ágreiningur er um, hvort bréfi stefndu hafi fylgt vottorð Kristjáns Erlendssonar lækni frá 30. júlí 1987, sem ritað var á ensku og hafði að geyma stutturða lýsingu á sjúkdómum stefndu og lyfjatöku hennar. Það var ekki ætlað sérstökum viðtakanda. Stefnda kvaðst fyrir dómi hafa afhent hvort tveggja Jóhönnu Sigþórsdóttur, starfandi fréttastjóra, sem tekið hefði að sér að koma því til ritstjóra og sagt stefndu, að hún þyrfti ekki að aðhafast frekar. Jóhanna Sigþórsdóttir kom fyrir dóm eftir uppkvaðningu héraðsdóms og synjaði fyrir að hafa tekið við þessum bréfum. Hún kvaðst hafa bent stefndu á að tala við yfirmenn blaðsins um orlofsmál sín, enda hefði

hún ekki haft starfsmannamál með höndum og hefði farið út fyrir verksvið sitt, ef hún hefði látið slík mál til sín taka.

Áfrýjandi synjaði beiðni stefndu um launalaust leyfi með bréfi 6. október 1987 og sagði stefndu jafnframt upp störfum. Í uppsagnarbréfinu sagði enn fremur: „Samkomulag getur orðið um það að þú hættir störfum þegar í stað eða farir í launalaust leyfi þann tíma sem uppsagnarfrestur gildir.“ Ekki kom til viðræðna milli stefndu og fyrirsvarsmanna áfrýjanda, en stefnda fékk lögmanni mál sín í hendur. Lögmaðurinn ritaði áfrýjanda bréf 9. október 1987 og kvað mál stefndu í athugun hjá sér. Nokkrir fundir voru haldnir um málefni stefndu á næstu misserum, sem fulltrúar áfrýjanda, Blaðamannafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands tóku þátt í, en engra skriflegra gagna nýtur í málinu um efni þessara funda. Stefnda hóf nám í prentsmíði við Iðnskólann í Reykjavík í september 1987 og stundaði það í eitt og hálf ár.

Stefnda hefur átt við veikindi að stríða frá árinu 1983, og er sjúkdómum hennar lýst í héraðsdómi. Í vottorði Kára Sigurbergssonar lækni frá 14. október 1987 er staðfest, að stefnda hafi sjúkdóm, „sem veldur því að vinnugeta er verulega skert“. Með örorkumati tryggingayfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins 20. nóvember 1987 var stefnda metin 100% öryrki frá 1. ágúst 1987, og skyldi endurmat fara fram í september 1988. Örorkumats þessa virðist hafa verið aflað til að tryggja stefndu lífeyri úr sjúkratryggingum almannatrygginga og Lífeyrissjóði Blaðamannafélags Íslands. Verður ekki séð, að það hafi komið fram gagnvart áfrýjanda fyrr en sem dómskjal í máli þessu.

Fyrir héraðsdómi lýsti stefnda því, að á haustdögum 1987 hefði hún viljað fá þriggja mánaða frí að loknu orlofi til þess að átta sig á, hverra kosta væri vól vegna veikinda sinna. Hún kaus að biðja um launalaust leyfi í stað þess að láta á það reyna, hvort hún mætti njóta veikindaréttar samkvæmt kjarasamningi. Hún skýrði ástæður þessa fyrir dómnum.

Gera verður ráð fyrir því, að fyrirsvarsmönnum áfrýjanda hafi að einhverju leyti verið kunnugt um, að stefnda gekk ekki heil til skógar. Hins vegar er ósannað, að stefnda hafi gert þeim sérstaka grein fyrir veikindum sínum eða skírskotað til þeirra í tengslum við beiðni um launalaust leyfi. Það er einnig ósannað, að uppsögn af

hálfu áfrýjanda hafi byggst á því, að stefnda átti við vanheilsu að etja og hann hafi af þeim sökum viljað losna við hana úr starfi. Honum var heimilt að segja henni upp án þess að tilgreina sérstakar ástæður. Uppsögnin verður ekki metin ólögmat, þótt síðar hafi komið í ljós, að stefnda var á þessum tíma metin 100% öryrki. Þar sem stefnda vildi ekki sjálf neyta ákvæða kjarasamnings um veikindaorlof, þegar hún fór fram á launalaust leyfi, og vinnuveitanda hennar var ekki sérstaklega tilkynnt um veikindi, verður krafa hennar á hendur áfrýjanda nú eigi reist á þeim ákvæðum.

Eins og að framan greinir, fór stefnda bréflaga fram á launalaust orlof. Hún kannaði ekki undirtektir við þeirri beiðni með viðhlítandi hætti, mætti ekki til vinnu og boðaði ekki forföll. Eigi leitaði stefnda heldur eftir viðræðum við starfsmannastjóra blaðsins um þá kosti, sem henni gáfust í uppsagnarbréfinu. Gegn eindregnum framburði Jóhönnu Sigþórsdóttur er ósannað, að hún hafi gefið stefndu til kynna, að hún þyrfti ekki að mæta til vinnu og myndi heyra frá ritstjóra. Stefnda vanefndi því vinnuskyldu sína í uppsagnarfresti og getur ekki átt kröfu til launa eða annarra greiðslna úr hendi áfrýjanda fyrir þann tíma.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefndu. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Frjáls fjölmiðlun hf., á að vera sýkn af kröfum stefndu, Borghildar Önnu Jónsdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. maí 1991.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Borghildur Anna Jónsdóttir blaðamaður, Hringbraut 119, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 7. febrúar 1990, á hendur Frjálsri fjölmiðlun hf., Þverholti 11, Reykjavík, til greiðslu bóta fyrir fyrirvaralausla uppsögn.

Dómkröfur stefnanda eru,

- aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 862.784,00 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað],
- til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 370.837,00 með sömu vöxtum og með aðalkröfu, en á eftirfarandi máta: [...].

Dómkröfur stefnanda sundurliðast þannig:

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar [...].

Stefnandi, sem hafði unnið hjá stefnda sem blaðamaður frá árinu 1983 og þar á undan við Vikuna frá 5. september 1975, fór þess á leit við stefnda þann 29. september 1987 að henni yrði veitt launalaust leyfi frá störfum frá 1. október 1987 til 1. janúar 1988 og óskaði eftir skriflegu svari. Þann 6. október 1987 ritaði stefndi stefnanda uppsagnarbréf.

Samkvæmt örorkumati tryggingayfirlæknis, dags. 20. nóvember 1987, var stefnandi 100% öryrki og óvinnufær frá 1. ágúst 1988, en ráð gert fyrir endurmati í september 1988. Hún hafði þjáðst af syndromae hypermobilitatis, sem lýsir sér í óstöðugum liðum, lausum og teygðum liðböndum og þar af leiðandi liðbólgu og liðskemmdum frá árinu 1983. Eigi síðar en um vorið 1987 hafði farið að bera á einkennum syndromae Behceti með æðabólgu, slímhúðarsárum og liðabólgu auk einkenna frá augum og miðtaugakerfi. Fyrri sjúkdómurinn er meðfæddur en sá síðarnefndi sveiflukenndur. Báðir eru krónískir.

Stefnandi hafði verið í sumarleyfi og sérstöku launuðu leyfi samkvæmt ákvæði í kjarasamningi frá 22. júlí 1987 og virðist sem hún hafi átt að hefja störf að nýju 1. október. Þann 23. júlí lagðist stefnandi á sjúkrahús og gekkst þar undir aðgerð. Hún kom heim af sjúkrahúsinu í byrjun ágúst, en lét stefnda ekkert vita um veikindi sín.

Eftir þetta hefur stefnandi ekkert starfað hjá stefnda. Eftir uppsögnina leitaði hún strax til stéttarfélags síns og síðan til lögmanns þess að ráði framkvæmdastjóra félagsins. Lögmaðurinn ritaði stefnda bréf þann 9. október og tilkynnti honum að mál stefnanda væri í athugun hjá sér og að haft yrði samband við hann fljótlega.

Eftir það fóru fram viðræður milli aðila málsins, Blaðamannafélags Íslands, Félags íslenska prentiðnaðarins og Vinnuveitendasambands Íslands, sem lauk með árangurslausum fundi fulltrúa blaðamannafélagsins og stefnda 10. janúar 1989.

Í uppsagnarbréfinu segir svo:

Þér er hér með sagt upp störfum hjá Frjálsri fjölmiðlun hf. Samkomulag getur orðið um það að þú hættir störfum þegar í stað eða farir í launalaust leyfi þann tíma sem uppsagnarfrestur gildir.

Stefnandi telur uppsögnina ólögmeta, svo að stefndi beri bótaábyrgð á því tjóni sem hún hafi orðið fyrir vegna þess réttarbrots samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Aðalkrafan er um greiðslu veikindalauna í sex mánuði og hálfra launa í aðra þrjá samkvæmt 6. grein kjarasamnings milli

Blaðamannafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Félags íslenska prentiðnaðarins frá 11. mars 1986 að viðbættum orlofsgreiðslum á launaliði. Varakrafan er um laun í fjóra mánuði, byggð á 3. grein samningsins þar sem kveðið er á um þann frest eftir 12 ára samfelld starf. Loks krefst stefnandi bóta fyrir missi réttar til launaðs leyfis samkvæmt gr. 4.2 og orlofs á laun fyrir vinnu stefnanda í maí 1987 til september s.á., bæði í aðalkröfu og varakröfu.

Stefndi telur sig hafa verið í fullum rétti til að segja stefnanda upp hvort sem hún var veik eða ekki og kveður henni alltaf hafa staðið til boða laun út uppsagnarfrestinn ef hún stæði við vinnuskyldu sína; uppsögnin hafi því verið lögmæt. Hins vegar hafi stefnandi ekki mætt til vinnu þegar hún átti að mæta þann 1. október og vanefnt þannig vinnusamninginn verulega.

Stefndi heldur því fram að stefnandi hafi fyrirgert þeim rétti, sem hún kunni að hafa átt, með því að hafa ekki uppi kröfur fyrir en með málsókninni.

Pá telur stefndi að ósannað sé að stefnandi hafi nokkurt tjón beðið.

Stefndi telur stefnanda hafa borið að tilkynna veikindi sín og leggja fram læknisvottorð; þar sem hún hafi hvorugt gert hafi hún ekki öðlast rétt til veikindaforfalla.

Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi öðlast rétt til greiðslu, sem svaraði 20 tíma aukavinnu mánaðarlega án tillits til vinnuframlags, og heldur því fram, að ef stefnandi eigi einhvern rétt til greiðslu fyrir aukavinnu fari sá réttur eftir gr. 6.6.1 í kjarasamningi og miðist við hámark hálfan mánuð og 20 tíma.

Stefndi mótmælir kröfu um bætur vegna missis orlofsréttinda sem of háum.

Stefndi mótmælir kröfum um bætur vegna missis hlunninda vegna síma, útvarps og blaða á þeim grundvelli að greiðslur þessar hafi verið endurgreiðsla útlagðs kostnaðar, sbr. gr. 7.6 í kjarasamningi.

Stefndi telur stefnanda í mesta lagi eiga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti og mótmælir því að hún hafi verið búin að ávinna sér rétt til fjögurra mánaða uppsagnarfrests með 12 ára samfelldri þjónustu, sbr. gr. 3.1 í kjarasamningi.

Verði því játað að stefnandi eigi einhvern bótarétt er því haldið fram að draga beri frá bótum sem svarar bótagreiðslum almannatrygginga og lífeyrisgreiðslum sem hún hafi fengið á því tímabili sem bótakrafan miðast við.

Stefnandi hefur gefið aðilaskýrslu fyrir dóminum og fært fram vitni. Af stefnda hálfu kom engin skýrsla fram við aðalflutning og engin munnleg

sönnunargögn. Skrifleg aðilaskýrsla fylgdi raunar greinargerð stefnda, en sú skýrsla er aðallega málflutningsskjal samkvæmt efni sínu.

Stefnandi kveðst, eftir að hafa árangurslaust reynt að ná tali af ritstjóra, hafa þann 30. september 1987 afhent starfandi fréttastjóra bréf sitt, dags. 29. s.m. ásamt afriti læknisvottorðs, sem fréttastjórinn lofaði að koma til ritstjóra. Hún kveðst hafa gert fréttastjóranum grein fyrir högum sínum og spurt hvort hún ætti að gera eitthvað meira, þar á meðal hvort hún ætti að afhenda fyllra læknisvottorð. Hún segir hafa verið venju að ræða mál af þessu tagi við ritstjóra eða fréttastjóra, en ekki að afhenda læknisvottorð. Hún kveður fréttastjóranum hafa sagst ekki búast við, að hún þyrfti að færa fram frekari gögn, og sagt sér, að hún myndi heyra frá ritstjóranum. Stefnandi kveðst síðan hafa hringt í ritstjóranum 6. eða 7. október. Í því samtali kveður hún hafa komið fram að búið væri að skrifa sér uppsagnarbréf og að stefndi teldi sig ekki geta rekið ritstjórn blaðsins með veiku fólki, en að hún mætti hafa samband aftur ef henni batnaði. Ekki tókst að afla skýrslu fréttastjórans þar sem hún er nú búsett erlendis.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið af hálfu aðila, þykir verða að leggja til grundvallar að stefnandi hafi verið óvinnufær þegar henni var sagt upp störfum og að stefnda hafi verið fullkunnugt um að hún var alvarlega veik og hvers vegna hún óskaði eftir leyfi. Hins vegar virðist hvorugur aðila hafa gert sér ljóst á þessum tíma að stefnandi var með öllu óvinnufær. Stefnandi sótti um leyfið daginn áður en hún hefði átt að hefja störf að loknu orlofi. Henni var þá engin grein gerð fyrir því að ætlast væri til að hún mætti næsta dag, heldur sagt að bíða átekta. Samkvæmt þessu verður ekki talið að stefnandi hafi vanefnt samninginn með brotthlaupi úr starfi, eins og stefndi heldur fram. Uppsagnarbréf stefnda varð ekki skilið öðruvísi en sem fyrirvaralaus uppsögn og á því stefnandi rétt á því að verða jafnsett fjárhagslega eins og ekki hefði komið til þeirrar uppsagnar. Stefnandi átti efnislegan rétt til veikindaorlofs, þótt full staðfesting á þeim rétti lægi ekki fyrir, fyrr en eftir að henni var sagt upp. Hún virðist hafa einsett sér að neyta ekki réttar síns og verður henni því ekki lagt til lasts þótt hún hafi ekki fullnægt formaskilyrðum þegar henni var sagt upp. Síðan þykir hún hafa gert nægilega snemma ljóst að hún telur sig eiga kröfu á fullum bótum úr hendi stefnda. Um þá kröfugerð gilda engar sérstakar formreglur.

Eins og veikindum stefnanda var hátað átti hún ótvíræðan rétt til fullra launa í sex mánuði og hálfra launa í aðra sex samkvæmt 6. gr. kjarasamningsins. Þótt því verði að sönnu játað með stefnda að honum hafi verið heimilt að slíta ráðningarsamningi við stefnanda, hvort sem var sökum þess að hún var orðin ófær til að gegna starfi sínu eða af öðrum ástæðum, þá gat

hann ekki bundið enda á samningssambandið þannig að stefnandi glataði réttindum, sem hún hafði öðlast fyrir uppsögnina. Því þykir verða að fallast á það með stefnanda, að hún eigi rétt til bóta sem svari verðmæti veikinda-orlofsins, auk orlofsfjár af þeim launum. Þá þykir stefnandi hafa gert nægilega sennilegt að hún hafi notið yfirborgunar í formi 20 yfirvinnutíma mánaðarlega án tillits til þess hvort sú yfirvinna var unnin. Raunar benda fram lögð gögn til þess, að yfirvinna, sem raunverulega var unnin, hafi verið greidd sérstaklega. Ákvæði laga nr. 19/1979 gilda að vísu ekki í skiptum aðila, en skilja verður kjarasamning aðilanna þannig, að hlutur þeirra, sem taka laun samkvæmt honum, skuli ekki vera lakari en verkafólks, sem löggin taka beint til. Réttur stefnanda miðast þannig við að hún missi eigi neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, sbr. 5. gr. og 6. gr. laganna og gr. 6.1 í kjarasamningnum. Ákvæði gr. 6.1.1 um aukavinnu virðist bera að skilja þannig að átt sé við laun fyrir yfirtíð sem aðeins eru greidd að aukavinnna sé unnin.

Ákvæði gr. 7.6 um skilning á hlunnindagreiðslum samkvæmt gr. 7.3–7.5 þykja ekki skera úr um hvernig meta ber hlunnindi þessi til bóta. Í því sambandi verður að líta til þess að hve miklu leyti hlunnindi þessi geta talist verðmæt réttindi fyrir stefnanda. Vera má að stefnandi hafi þurft að nota eigin síma í einhverjum mæli í þágu stefnda, en ekkert sérstakt hefur komið fram um það atriði í málinu og að öðru leyti virðast hlunnindi þessi eðli máls samkvæmt ekki hafa takmarkast á neinn hátt vegna kostnaðar í þágu stefnda. Þykir því eftir atvikum réttmætt að taka kröfur stefnanda til greina að þessu leyti.

Samkvæmt gr. 4.3 í kjarasamningi skulu blaðamenn fá þriggja mánaða frí á fullum launum að loknu 5 ára starfi, og skal þá innifalið sumarleyfi. Næst eiga þeir rétt á þessu fríi eftir 10 ára starf og síðan á 4 ára fresti. Sé blaðamanni sagt upp starfi, ber að greiða honum það, sem hann á inni af umræddu fríi. Stefnandi á þannig ótvíræðan rétt til greiðslu sem svarar verðmæti þessara hlunninda. Aðilar virðast sammála um að stefnandi hafi átt rétt til að taka frí næst á árinu 1989 og að útreikningur bóta eigi að miðast við þann hluta síðasta fjögurra ára tímabilsins sem ráðningarsamningurinn varði. Stefnandi telur aðallega, að miða beri lokin við 30. september 1988, en til vara við lok fjögurra mánaða uppsagnarfrests. Stefndi telur hins vegar að ekki verði miðað við síðara tímamark en raunveruleg starfslok 30. september 1987. Samkvæmt meginsjónarmiðum skaðabótaréttar á stefnandi að vera jafnsett fjárhagslega eins og ekkert hefði í skorist. Samkvæmt því og því, sem áður er rakið, þykir verða að fallast á aðalsjónarmið stefnanda um þetta atriði.

Samkvæmt gögnum málsins virðist stefnandi hafa fengið kr. 196.951,00 í örorkubætur úr Lífeyrissjóði blaðamanna frá 1. janúar 1988 til septemberloka s.á. Við endurupptöku málsins kom fram af hálfu stefnda sú skoðun að þessar greiðslur bæri að draga frá bótum ef til kæmi. Af hálfu sjóðstjórnar hefur komið fram áskilnaður um endurgreiðslu, sem stefndi telur ólög-mætan. Þann 13. maí 1988 ákvað sjóðstjórnin að áskilja sjóðnum endur-greiðslu ef laun yrðu greidd lengur en til áramóta. Að svo vöxnu máli virð-ast ekki efni til bótalækkunar af þessum ástæðum.

Stefnandi hefur fengið kr. 175.158,00 í tekjutryggingu og kr. 32.648,00 í örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins á tímabilinu 1. október 1987 til jafnlengdar 1988. Örorkulífeyri fær hún án tillits til tekna á tímabilinu, en tekjutrygging er algerlega miðuð við tekjuskerðingu. Samkvæmt þessu og áður áminnstri grunnreglu þykir bera að taka fullt tillit til tekjutryggingar-innar til lækkunar en ekki örorkulífeyris.

Samkvæmt ofangreindum ályktunum þykir stefndi eiga að greiða stefn-anda kr. 655.923,00 auk vaxta, eins og nánar greinir í dómsorði, og máls-kostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 170.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Frjáls fjölmiðlun hf., greiði stefnanda, Borghildi Önnu Jónsdóttur, kr. 655.923,00 með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi greiði stefnanda kr. 170.000,00 í málskostnað [...].
